



Borgarráð

## Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

### Aðgerðir vegna COVID-19

#### 1. Markaðsaðgerðir vegna ferðaþjónustu og ferðaþjónustutengdra greina

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hækki um 98.728 þ.kr. á árinu 2021 vegna markaðsaðgerða til styrktar ferðaþjónustu og ferðaþjónustutengdra greina. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-98.728
MOF	07400	Sérstakar markaðsaðgerðir Covid	Til	98.728
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og og áætlað er að jafnréttismat muni fara fram samkv. ákvörðun borgarráðs frá 2. apríl 2020 um að jafnréttismeta eigi allar tillögur er varða viðspyrnuaðgerðir vegna Covid-19.

#### **Greinargerð:**

Vísað er til kynningar í borgarráði 16. apríl 2020, R20030002, Fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna COVID-19 – Fyrstu markaðsaðgerðir fyrir árin 2020 og 2021, sem byggði á samþykkt borgarráðs 26. mars R20030221. Í heild var veitt 150.000 þ.kr. heimild fyrir þessum sérstöku markaðsaðgerðum vegna árána 2020 og 2021. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að 80.000 þ.kr. væru nýttar á árinu 2020 og 70.000 þ.kr. á árinu 2021. Ekki voru nýttar nema 51.272 þ.kr. á árinu 2020 og því er beðið um úthlutun að fjárhæð 98.728 þ.kr. vegna ársins 2021.

Dagur B. Eggertsson